



**Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009**

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn Iceland s: 464-4163 f. 464-4363, netf. [gudrunm@myv.is](mailto:gudrunm@myv.is)

## Fundargerð Skólanefnd

### 8. fundur

Skólanefndarfundur haldinn 14. nóvember kl 15:30.

Mætt voru: Þuríður Helgadóttir formaður, Ásdís Erla Jóhannesdóttir, Þórhalla Valgeirsdóttir, Sigurður Böðvarsson, Friðrik Jakobsson og fulltrúi foreldra Jón Elvar Steindórsson. Formaður ritar fundargerð.

#### 1. Fundarsetning.

#### 2. Vettvangsferð í leikskólann YI

Farið var um húsnæði og leikvöll leikskólans og það skoðað undir leiðsögn Þóru leikskólastjóra. Rými fyrir starfsemina orðið gott og hægt að skipta börnunum í deildir eftir aldri. Vinnueftirlit kom nýlega og gerði úttekt. Þar voru nokkur atriði sem þarf að lagfæra sem fyrst. Leikvöllurinn var einnig tekinn út nýlega og fékk leyfi en þó voru þar nokkur atriði sem sett var út á og þarf að laga sem fyrst. Athugasemdir þessara úttekta eru hjá leikskólastjóra. Skólanefnd vill þrýsta á að frágangur við viðbyggingu verðir kláraður nú þegar.

Fleira ekki bókað og fundi slitið

Þuríður Helgadóttir

Ásdís Erla Jóhannesdóttir

Þórhalla Valgeirsdóttir

Sigurður Böðvarsson

Friðrik Jakobsson

